

Ársskýrsla Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. árið 2015

Á árinu 2015 voru haldnir 12 stjórnarfundir auk aðalfundar. Í stjórn Sorpstöðvarinnar fyrir árið 2015-2016 voru kjörnir Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson og Sigfús Davíðsson. Í varastjórn voru kjörin Ísólfrur Gylfi Pálmason, Ágúst Sigurðsson og Brynja Jónasdóttir.

Rekstur Sorpstöðvarinnar 2015

Rekstrartekjur Sorpstöðvarinnar námu rúmum 116,5 millj. kr. á árinu 2015, rekstrargjöld voru 88,5 millj. kr., fjármagnsgjöld kr. 7.377 þús. kr. og rekstrarniðurstaðan 20.6 millj. kr. hagnaður. Afskriftir voru 5,2 millj. kr. Fjárfestingar á árinu 2015 námu 3,6 millj. kr. og tekið var nýtt langtímalán að fjárhæð 6,9 millj. kr. Afborganir langtímalána voru um 11,2 millj. kr. á árinu. Handbært fé í árslok 2015 var 33,6 millj. kr. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu 15,6 millj. kr. 2015 á móti 23,2 millj. kr. 2014. Skuldir við lánastofnanir í árslok 2015 voru 112,0 milljónir kr. á móti 120,7 milljónum kr. í árslok 2014. Eigið fé nam 90,3 millj. kr. í árslok 2015 á móti 59,7 millj. kr. í árslok 2014. Af því eru 10 milljónir kr. sérstök framlög frá sveitarfélögunum.

Rekstur Sorpstöðvarinnar gekk mun betur á árinu 2015 en á árinu 2014, sem skýrist af verulega auknum tekjum á árinu 2015. Tekjur jukust um 26,5 milljónir en gjöld um 13,7 milljónir kr.

Framkvæmdir á Strönd

Unnið hefur verið að undibúningi framkvæmda við lóð Sorpstöðvarinnar og uppsetningu afgreiðsluhúss. Ekki hefur enn tekist að ljúka við lagfæringar á móttökuhúsinu sem krafa var gerð um af hálfu Verkís sem séð hefur um eftirlit með framkvæmdunum.

Vor- og hausthreinsun

Vorhreinsun fór fram dagana 1. júní til 17. júní. Gámar voru settir á valda staði í sveitarfélögunum og einnig var hægt að fá gám/gáma heim á bæi ef þar væri efni í fullan gám. Einnig var boðið uppá gáma með svipuðum hætti í svokallaðri „hausthreinsun“, sem fram fór 10.-20. október. Kostnaður af gámunum sem keyrðir voru út í sveitir var greiddur af viðkomandi sveitarfélögum, en flokkun úr gámunum að Strönd var á kostnað Sorpstöðvarinnar.

Móttaka sláturúrgangs á Strönd

Sorpstöðin hefur haft leyfi til að taka á móti allt að 800 tonnum af sláturúrgangi á Strönd gegn því að botnþetta urðunarreini^a og koma fyrir rotþró til söfununar á sigvatni. Sá kostur er mjög dýr í framkvæmd og því höfum við keyrt sláturúrganginn til Reykjavíkur til urðunar með ærnum kostnaði.

Jarðgerð á Strönd

Til að hægt sé að jarðgera á Strönd þarf að koma upp plönnum og gámum til jarðgerðar. Jarðgerð hefur frestast á meðan unnið er að frágangi móttökuhúss, gámarampi og plönnum.

Tæming rotþróa

Sveitarfélögin í Rangárþingi og Landgræðslan hafa samið um tilraunaverkefni varðandi afsetningu á seyru. Þar sem sveitarfélögin kalka seyruna og koma henni á valin svæði Landgræðslunnar. Af þessu hefur ekki orðið enn sem komið er.

Framkvæmdir framundan

Framundan er að ganga frá plönnum og gámastæðum á Strönd og gera alla aðstöðu á staðnum til fyrirmyndar.

Að lokum - þakkir

Að lokum þakkar stjórn Sorpstöðvarinnar starfsmönnum, sveitarstjórum, sveitarstjórnnum, verktökum og öðrum sem hafa verið að vinna að þessum málum með stjórninni fyrir gott samstarf á árinu.